

**Ed.**

**573. Frumvarp til laga**

[255. mál]

um lántökuheimildir erlendis.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. mars.)

**1. gr.**

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 569 millj. kr., sem verja skal sem hér segir:

- a) til framkvæmda í raforkumálum 149 millj. kr.
- b) til orkurannsókna 127 millj. kr.
- c) til flutningslinu raforku um Suður-, Vestur- og Norðurland 100 millj. kr.
- d) til Laxárvirkjunar 100 millj. kr.
- e) til landshafna 18 millj. kr.
- f) til Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar í Fljótaá 75 millj. kr.

**2. gr.**

Heimilt er að ábyrgjast tækjakaupalán vegna Rafmagnsveitna ríkisins að jafnvirði allt að 90 millj. kr. vegna kaupa á þrýstivatnspípu og vélbúnaði til Mjólkárvirkjunar.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.